

# Ársskýrsla 2014

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns....4
Um sjóðinn ....6
Ávöxtun og þróun markaða....7
Iðgjöld og lífeyrir....8
Áhættustefna.... 10
Fjárfestingarstefna.... 11
Tryggingafræðileg staða.... 12
Verðbréfaeign og fjárfestingar.... 13
Séreignardeild.... 14
Sjóðfélagalán.... 16
Stjórn .... 17
Starfsmenn.... 18
Ársreikningur .... 21
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.... 22
Áritun óháðs endurskoðanda.... 24
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .... 25
Efnahagsreikningur.... 26
Sjóðsstreymisyfirlit.... 27
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris.... 28
Efnahagsreikningur deilda .... 29
Sjóðstreymisyfirlit deilda .... 30
Skýringar.... 31

# Ávarp stjórnarformanns

Eftir nafnbreytingu sem samþykkt var á aðalfundi Lífeyrissjóðs Verkfræðinga 2014 er núna í fyrsta skipti gefin út ársskýrsla fyrir Lífsverk Lífeyrissjóð sem eftir sem áður byggir á sama grunni og hefur ekki tekið neinum byltingarkenndum breytingum frá því sem áður var. Áfram er byggt á þeirri sérstöðu sem sjóðurinn hefur haft varðandi hagstæð lán til sjóðfélaga. Áfram njótum við sérstöðu varðandi örorkutíðnina sem ég tel að sé sú lægsta í öllu lífeyrissjóðakerfinu og gerir sjóðnum kleift að lifa við hagstæðari réttindaávinningstöflur en aðrir sjóðir. Og áfram verður lögð áhersla á að laða að sjóðnum starfandi verkfræðinga. Að auki munum við smám saman auka markaðssetningu sjóðsins fyrir aðra háskólamenntaða sérfræðinga sem gera má ráð fyrir að búi við svipað starfsumhverfi og verkfræðingar. Meðal annars með því móti sé ég fyrir mér stærri sjóð og hagstæðari rekstur.

Ávöxtun Lífsverks Lífeyrissjóðs á árinu 2014 var jákvæð í samtryggingardeild og öllum leiðum séreignardeildarinnar. Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar nam 6,1% sem er bæði mjög vel yfir því 3,5% viðmiði sem lífeyrissjóðum er sett og eins besta afkoma sjóðsins frá því á árinu 2006. Séreignarleiðirnar sem núna eru kallaðar Lífsverk 1, Lífsverk 2 og Lífsverk 3 skiluðu á sama tíma jákvæðri raunávöxtun á bilinu 1,7% til 3,5%. Að mínu mati eru þessar afkomutölur vel ásættanlegar í því rekstrar- og fjárfestingaumhverfi sem var til staðar á árinu og þá fjárfestingarstefnu sem í gildi var hjá hverri leið fyrir sig

Í árslok nam samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris 57,7 milljörðum króna og hafði þá aukist um 6,3 milljarða á árinu. Út frá viðmiði hreinnar eignar er sjóðurinn sá fjórtándi stærsti á landinu.

Góð ávöxtun samtryggingardeildarinnar leiddi að sjálfsögðu til þess að áfallin tryggingafræðileg staða batnaði talsvert á milli ára eða úr -3,0% í -0,3%. Í samræmi við nýjar samþykktir sjóðsins kallaði góð staða framtíðarskuldbindinga á breytingu á réttindaávinningstöflum sjóðsins til hagsbóta fyrir greiðandi sjóðfélaga. Leiðrétting taflnanna sem var eins og áður sagði virkum sjóðfélögum til hagsbóta hafði í för með sér lækkun á tryggingafræðilegri stöðu framtíðarskuldbindinga úr +7,0% í +0,8%. Eftir sem áður er tryggingafræðileg heildarstaða í árslok jákvæð uppá 0,2% sem er með því besta sem gerist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Mér finnst sérstök ástæða til að benda á að ekki eingöngu var heildarstaðan réttu megin við strikið um síðustu áramót heldur er líka gott jafnvægi milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga sem er réttlætismál fyrir alla sjóðfélaga, bæði lífeyrisþega og greiðandi félaga. Með breytingum sem gerðar voru á samþykktum sjóðsins á aðalfundi 2013 var komið á ákveðinni tryggingu á þessu innbyrðis jafnvægi til framtíðar.

Fyrir aðalfund sjóðsins 2014 fór í fyrsta skipti fram stjórnarkjör með rafrænum hætti þar sem sjóðfélögum gafst kostur á að kjósa stjórnarmenn hvort sem var með því að skrá sig inn á sjóðfélagagátt sína eða með því að mæta á skrifstofu sjóðsins. „Kjörstaðir“ voru opnir í fimm virka daga og var boðið upp á kynningu frambjóðenda á vefsíðu sjóðsins. Tilgangur þessa nýja fyrirkomulags er ekki bara að vera leiðandi í rafrænni þjónustu við sjóðfélaga heldur líka að auka þátttöku í kosningu til stjórnar og styrkja þannig það sjóðfélagalýðræði sem er ein af sérstöðum sjóðsins. Ljóst er að hvort tveggja tókst, kosningin gekk með aðstoð starfsmanna sjóðsins hnökralaust fyrir sig, öll atkvæðin skiluðu sér með rafrænum hætti og þátttaka í kosningunum u.þ.b. fjórfaldaðist frá því sem verið hafði árið á undan.

Rekstrarumhverfi lífeyrissjóða á liðnu ári svipaði í öllum meginþáttum til þess sem við höfum lifað við allt frá bankahruni. Gjaldeyrishöft voru og eru ennþá til staðar, nýfjárfesting í atvinnulífi á Íslandi var tiltölulega lítil, fyrirtækjum á skráðum hlutabréfamarkaði fjölgaði einungis um tvö og áfram var mikil óvissa í alþjóðlegum stjórnmálum og efnahagslífi. Að mínu mati hefur rekstur Lífsverks þrátt fyrir þetta tekið framförum á undanförnum árum með vandaðri áhættustefnu sem á að verja sjóðinn fyrir áföllum og fjárfestingarstefnu sem tekur mikið tillit til áhættustefnunnar. Tiltektum eftirhrunsáranna er líka nánast lokið sem sést á því að varúðarniðurfærslur hafa að svolitlu leyti verið að skila sér til baka á undanförnum tveimur árum. Afkoma sjóðsins er líka orðin svipuð og hjá meginþorra lífeyrissjóðanna.

Mig langar að nota þetta tækifæri til að fjalla sérstaklega um sérstöðu Lífsverks hvað varðar örorkumál en þau hafa margháttuð áhrif á afkomu sjóðsins, tryggingafræðilega stöðu hans og almennan réttindaávinning sjóðfélaga. Í fyrsta lagi er örorkutíðni hjá Lífsverki mikið lægri en gerist hjá flestum öðrum sjóðum. Fyrir það ber að þakka. Það gerir okkur kleift að styðjast við lægri örorkulíkur en aðrir sjóðir þegar kemur að útreikningi tryggingafræðilegrar stöðu. Um leið skapar það forsendur fyrir hagstæðari réttindaávinningi sjóðfélaga en almennt gerist. Tvö önnur atriði sem ekki eru sjóðnum jafn hagfelld spila líka þarna inní í gegnum lagaramma lífeyrissjóðanna. Þar er annars vegar um að ræða sérstaka jöfnun örorkubyrði sem lífeyrissjóðir njóta frá ríkinu og er úthlutað í hlutfalli við raunverulega örorkubyrði sjóðanna. Með vísan í það sem að framan sagði eru þessar jöfnunarfærslur mikið lægri til Lífsverks en annarra sjóða af svipaðri stærð. Hins vegar er um að ræða nýtilkominn gjaldalið sem lagður er jafnt á alla sjóði og rennur til rekstrar VIRK endurhæfingarsjóðs sem á að vinna að fækkun örorkulífeyrisþega á landinu. Á árinu 2014 nam þessi eini liður u.þ.b. 18,6% af öðrum rekstrarkostnaði sjóðsins. Heildargreiðslur námu 34 milljónum króna en sýnilegur sparnaður vegna fækkunar örorkuþega var sáralítill ef nokkur. Það er því ljóst að um mjög óréttláta niðurskiptingu kostnaðar vegna VIRK er að ræða og hefur framkvæmdastjóri ítrekað komið því á framfæri innan Landssamtaka lífeyrissjóða og talað fyrir því að lögum um VIRK verði breytt.

Þrátt fyrir að hlutfall lífeyris af greiddum iðgjöldum sé smám saman að hækka er sjóðurinn enn „ungur“ með lágt hlutfall lífeyrisgreiðslna á móti iðgjöldum og getur á flestan hátt horft björtum augum fram á veginn. Það er ekki síst að þakka mikilli og góðri vinnu sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Fyrir það vil ég þakka bæði starfsmönnum sjóðsins og félögum mínum í stjórn hans frá síðari hluta árs 2010 þegar ég kom inn í stjórnina í fyrsta skipti. Framundan er frekari uppbygging sem ég hlakka til að taka þátt í fái ég til þess stuðnings í því stjórnarkjöri sem er framundan.

Valur Hreggviðsson
Formaður stjórnar Lífsverks lífeyrissjóðs

# Um sjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður var stofnaður árið 1954 af Verkfræðingafélagi Íslands og hét sjóðurinn þá Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum, tók upp sjóðfélagalýðræði og rafrænt stjórnarkjör.

Lífsverk er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir samtryggingar- og séreignardeild. Í boði eru tvær leiðir fyrir 12% skylduiðgjald í samtryggingardeild.

- Samtryggingarleið
- Blönduð leið

Leiðirnar eru ólíkar með tilliti til erfanleika og útgreiðslna.

**Samtryggingarleiðin** er leið þar sem 12% skylduiðgjaldið rennur allt í samtryggingardeild og veitir sjóðfélögum hærri ævilangan lífeyri. Með greiðslu iðgjalda í samtryggingardeild ávinnur sjóðfélagi sér víðtæk og dýrmæt réttindi. Réttindaávinnsla fyrir greidd iðgjöld er afar góð hjá sjóðnum og var hún hækkuð 1.1.2015 fyrir greidd iðgjöld frá þeim tíma. Réttindin felast í greiðslu ævilangs lífeyris sem tekur mið af greiddum iðgjöldum, tryggingavernd vegna örorku sjóðfélaga, auk maka- og barnalífeyris. Tryggingaverndin hefur verið ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Mikilvægi þess að njóta ævilangs lífeyris eykst stöðugt með hækkandi lífslíkum.

**Blandaða leiðin** er leið þar sem 12% skylduiðgjaldi er skipt í 10% iðgjald sem rennur í samtryggingardeild og 2% sem rennur í séreignardeild. Þessi leið veitir sjóðfélögum aukinn sveigjanleika í útgreiðslum þar sem hluti af skyldusparnaði rennur í séreign sem erfist. Hægt er að velja á milli þriggja mismunandi ávöxtunarleiða Lífsverk 1, 2 og 3 sem hafa mismunandi áhættustig.

Lífsverk er sjóður háskólamenntaðra sérfræðinga. Allir verkfræðingar og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar geta sótt um aðild að samtryggingardeild sjóðsins. Almennt er þó miðað við að þeir hafi lokið a.m.k. fyrstu háskólagráðu í raungreinum (BSc eða sambærilegt) eða framhaldsnámi í háskóla í öðrum greinum (MS, MA, MBA, PhD eða sambærilegt). Öllum er þess utan heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um.

Sjóðurinn stækkaði um 12,2% á árinu og námu heildareignir beggja deilda, samtryggingar og séreignar, um 57,7 milljörðum króna. Hrein eign í árslok 2014 til greiðslu lífeyris í samtryggingardeild var 49.880 m.kr. og í séreignardeild 7.777 m.kr. Allar fjárfestingarleiðir skiluðu jákvæðri nafn- og raunávöxtun á árinu.




## Gildi sjóðsins eru:

- Heilindi
- Jákvæðni
- Ábyrgð

# Ávöxtun og þróun markaða

## Ávöxtun samtryggingardeildar

Ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var góð þegar tekið er mið af áhættustigi sjóðsins og fjárfestingarmöguleikum. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var 49.880 m.kr. og hækkaði um 12,1% á milli ára. Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 7,4% og raunávöxtun 6,3%, samanborið við 8,7% nafnávöxtun og 4,8% raunávöxtun árið 2013. Þriðja árið í röð var raunávöxtun sjóðsins yfir þeim 3,5% mörkum sem lífeyrissjóðum er gert að miða við í útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu. Erlend verðbréf gáfu bestu ávöxtun eignaflokka í samtryggingardeild. Hlutfall erlendra mynta sjóðsins í árslok var 18,7%.

## Þróun markaða

Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,0% á árinu og gengi krónunnar styrktist um rúm 0,3%. Stýrivextir Seðlabankans lækkuðu um 0,75% á seinnihluta ársins. Verðtryggð skuldabréfavísitala GAMMA (GAMMAi) hækkaði um 1,9% á árinu en óverðtryggð skuldabréfavísitala GAMMA (GAMMAxi) hækkaði um 10,3%. Stýrivextir erlendis eru í sögulegu lágmarki hjá mörgum þjóðum eða í kringum 0%. Hækkun var á heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI World TR) en vísitalan hækkaði um 4,9% mælt í USD og bandaríska S&P 500 TR vísitalan hækkaði um 13,7% mælt í USD. Eins hækkaði MSCI BRIK vísitalan (Brasilía, Rússland, Indland og Kína) um 7,3% mælt í EUR. Þá var þróun á hlutabréfavísitölum í Evrópu misjöfn en þýska DAX vísitalan hækkaði um 2,7% mælt í EUR og breska FTSE vísitalan lækkaði um 2,7% mælt í GBP.

Hlutafé í Sjóvá og HB Granda var tekið til viðskipta á aðallista í Kauphöll Íslands á árinu. OMXI8GI hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 6,5% á árinu. Hampiðjan hækkaði mest á árinu um 74,6%, en félagið er skráð á First North markaðinn í Kauphöllinni. Þá hækkaði HB Grandi um 60,5% og Össur um 58,5%. Mest lækkaði Reginn um 12,9% og TM um 12,0%. Allar ávöxtunartölur eru að teknu tilliti til arðgreiðslna.






# Iðgjöld og lífeyrir

## Iðgjöld

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til samtryggingardeildar sjóðsins námu 2.674 m.kr. sem er aukning um 4,3% frá fyrra ári. Á árinu greiddu 2.832 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn en meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.568. Sjóðfélögum fjölgar á milli ára.

| | 2014 | 2013 | % breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld í m.kr. | 2.674 | 2.563 | 4,3% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 2.568 | 2.566 | 0,1% |
| Fjöldi sjóðfélaga sem greiddu í sjóðinn | 2.832 | 2.830 | 0,1% |

Hlutfall karla sem greiddu í sjóðinn er um 79% og kvenna um 21% og hefur þetta hlutfall verið nánast óbreytt til nokkurra ára. Fjöldi launagreiðenda sem greiddu í sjóðinn var 993 samanborið við 991 árið áður. Meðalaldur virkra greiðenda í sjóðnum er 44 ár. Alls eiga 4.255 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum í lok árs 2014 sem er 2,3% aukning frá fyrra ári.

Nýjar réttindatöflur tóku gildi 1.1.2015 í samræmi við grein 6.2 í samþykktum sjóðsins. Réttindaávinningur fyrir greitt iðgjald í framtíðinni hækkaði við breytingarnar. Það þýðir að hver króna sem greidd verður til sjóðsins frá þeim tíma myndar að meðaltali hærri rétt en áður. Aldurstengd réttindaávinnsla samtryggingardeildar er góð samanborið við aðra samtryggingarsjóði.

Lágmarksiðgjald í samtryggingardeild sjóðsins er 10% af launum og hámarksiðgjald er 16% af launum.






## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar samanstanda af ævilöngum lífeyri til sjóðfélaga auk maka-, barna og örorkulífeyris. Tryggingaverndin hefur verið ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum.

Lífeyrisgreiðslur námu 550 m.kr. á árinu 2014 og jukust um 7,4% frá fyrra ári. Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum var 21,8% og hækkaði um 0,6% milli ára. Meðalfjöldi lífeyrisþega á árinu 2014 var 325 og jókst á milli ára. Heildarfjöldi lífeyrisþega á árinu var 353.

| | 2014 | 2013 | % breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Lífeyrisgreiðslur | 550 | 512 | 7,4% |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 325 | 301 | 8,0% |

Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 1,03% á árinu.

Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna var þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 76,7% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins eða samtals 421 m.kr., makalífeyrir var 13,6% eða 74 m.kr., barnalífeyrir var 1,4% eða tæpar 8 m.kr. og örorkulífeyrir var 8,3% eða um 46 m.kr.

Örorkutíðni sjóðfélaga er ennþá með því lægsta sem gerist hjá lífeyrissjóðum. Það þýðir að sjóðurinn getur varið hærra hlutfalli af iðgjöldum til eftirlaunagreiðslna en margir aðrir sjóðir.

Meðalfjöldi lífeyrisþega
Samtryggingardeild




Lífeyrir
Samtryggingardeild



# Áhættustefna

Áhættustefna sjóðsins var sett með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingar- og séreignardeilda lífeyrissjóða.

Tilgangur áhættustefnunnar er að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt að skilgreina hvernig og hvenær fylgst verður með þessum áhættuþáttum. Þá leggur sjóðurinn mat á mikilvægi hvers áhættuþáttar með flokkun sem endurspeglar forgangsröðun við áhættustýringu á hverjum tíma. Horft er til líkna á viðkomandi áhættu og þeim afleiðingum sem hún gæti valdið. Árlega er áhættustefna sjóðsins endurmetin samhliða vinnu við fjárfestingarstefnu komandi árs og tekur fjárfestingarstefnan á mörgum skilgreindum áhættum í áhættustefnunni.

Áhætta er skilgreind sem hætta á atburði sem dregur úr líkunum á því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum, en meginmarkmið lífeyrissjóðsins er að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum. Áhætta er því öll þau atvik er geta marktækt haft áhrif á getu lífeyrissjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma.

Áhættu sjóðsins er skipt í fjárhagslega áhættu, lífeyristryggingaráhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu og rekstraráhættu.

## Fjárhagsleg áhætta

Ársfjórðungslega gerir sjóðurinn ítarlega skýrslu um fjárhagslega áhættu sjóðsins en þar er farið ofan í þá áhættuþætti sem taldir eru upp hér fyrir neðan undir fjárhagsleg áhætta.

Ýmsar næmnigreiningar eru gerðar og áhrif þeirra á eignasafnið metin. Sem dæmi er vaxtaáhætta verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta skoðuð. Þar er mælt hvaða áhrif 1% breyting á vöxtum hefur á markaðsvirði eignasafnsins út frá mismunandi líftíma. Þá er verðbreyting á stærstu myntum sjóðsins skoðaðar sem og EUR/USD krossinn og hvaða áhrif verðbólga hefur á tryggingafræðilega stöðu.

Einnig eru ýmsar sviðsmyndir settar fram þar sem áhrif ýmissa þátta á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metin. Þar er verðbólguskot skoðað, miklar verðbreytingar á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum sem og sveiflur á gengi krónunnar svo dæmi séu nefnd.

Reiknað er út ársfjórðungslegt og árlegt fé í húfi (e. VaR) miðað við 99% vissu bæði út frá uppgjöri á kaupkröfu og markaðskröfu. VaR er notað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við núverandi eignasafn og söguleg gögn. Staðalfrávik er notað til að meta sveiflur eignasafna.

| Lífeyristryggingar-áhætta | Lausafjáráhætta | Mótaðilaáhætta | Fjárhagsleg áhætta | Rekstraráhætta |
|---|---|---|---|---|
| Skerðingaráhætta<br>Iðgjaldaáhætta<br>Umhverfisáhætta<br>Lýðfræðileg áhætta<br>Réttindaflutnings-áhætta | Seljanleikaáhætta<br>Útstreymisáhætta | Útlánaáhætta<br>Samþjöppunaráhætta<br>Landsáhætta<br>Afhendingaráhætta<br>Uppgjörsáhætta | Vaxta og endurfjár-festingaáhætta<br>Uppgreiðsluáhætta<br>Markaðsáhætta<br>Gjaldmiðlaáhætta<br>Ósamræmisáhætta<br>Verðbólguáhætta<br>Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings | Starfsmannaáhætta<br>Áhætta vegna svika<br>Áhætta vegna upplýsingatækni<br>Orðsporsáhætta<br>Pólitísk áhætta/ lög og reglur<br>Skjalaáhætta<br>Úrskurðaráhætta lífeyris<br>Áhætta vegna útvistunar<br>Upplýsingaáhætta |

# Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð árlega og samþykkti stjórn Lífsverks fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2015 í nóvember sl. Hver eignaflokkur var metinn út frá stöðu markaða og framtíðarhorfa þar sem litið var til samspils áhættu og ávöxtunar. Við mat á áhættustigi sjóðsins var litið til mats á skuldbindingum hans, framtíðargreiðsluflæði, aldurssamsetningar sjóðfélaga og tryggingafræðilegrar stöðu. Auk þess var samspil eigna og skuldbindinga skoðað út frá hversu næmt safnið var með tilliti til verðbólgu og breytingu vaxta. Í kjölfarið voru gerðar ýmsar sviðsmyndir. Í framhaldi af þessari vinnu var sett fram fjárfestingarstefna sjóðsins ásamt fjárfestingarheimildum.

Þá eru ákveðin vikmörk á hverjum eignaflokki í fjárfestingarstefnunni en tilgangur vikmarka er að sjóðurinn geti nýtt sér markaðsaðstæður á hverjum tíma eða brugðist við óvæntum aðstæðum. Fjárfestingarstefnan var svo borin saman við eignasafn sjóðsins og fjárfestingarstefnu ársins 2015 í framfallinu (e. efficient frontier).

Í ljósi gjaldeyrishafta og í kjölfar bankahruns hafa fjárfestingarkostir lífeyrissjóða takmarkast mikið. Þó hefur fjárfestingarkostum innanlands verið að fjölga aðeins og horfur eru á að það muni halda áfram. Fjárfestingarstefnan endurspeglar þó þann skort á fjárfestingartækifærum sem eru í dag. Ef borin er saman eignasamsetning samtryggingardeildar sjóðsins í lok árs 2014 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2015 eru helstu breytingar þær að innlán, innlend skuldabréf og erlend skuldabréf minnka lítillega og erlend hlutabréf og sérsniðnar fjárfestingar aukast.

## Viðmið eignaflokka

Hver undirflokkur eigna hefur sitt viðmið og er árangur og flökt hvers flokks borin reglulega saman við árangur og flökt viðmiðs. Viðmið eignaflokka eru í töflu hér fyrir neðan.

### Fjárfestingarstefna 2015
Samtryggingardeild




| | |
|---|---|
| Innlán | OMXI3MNI vísitala ríkisbréfa með 3ja mánaða líftíma |
| Innlend skuldabréf | Gamma GBI skuldabréfavísitala |
| Innlend hlutabréf | OMXI8GISK hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands |
| Erlend hlutabréf | MSCI World Index Total Return hlutabréfavísitala Morgan Stanley |
| Erlend skuldabréf | BARCAP TR Bond Index skuldabréfavísitala Barclays Capital |
| Sérsniðnar fjárfestingar | HFRI FoF Composite Index marksjóðasjóðavísitala frá Hedge Fund Research |

# Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun samtryggingardeildar voru heildareignir 0,2% umfram heildarskuldbindingar í árslok og var staða sjóðsins því jákvæð annað árið í röð.

Tryggingafræðileg athugun er gerð af tryggingafræðingi sjóðsins. Í henni felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem leyfilegur er milli eignaliða og skuldbindinga án þess að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Í samþykktum er kveðið á um að frávik megi ekki vera meira en 10% og er staða sjóðsins vel innan þeirra marka. Í lögum eru vikmörk almennt 10% á einstöku ári og ef munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í 5 ár þá þarf að gera breytingar á samþykktum.

Staða áfallinna skuldbindinga var neikvæð um 131 m.kr. eða um -0,3% af áföllnum skuldbindingum. Staða vegna væntra framtíðariðgjalda var jákvæð um 281 m.kr. eða um 0,8% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt var tryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð um 149 m.kr. eða um 0,2%.




Helstu ástæður breytinga á tryggingafræðilegri stöðu frá fyrra ári voru að endurmetin ávöxtun sjóðsins af hálfu tryggingafræðings bætti áfallna stöðu sjóðsins verulega, auk þess sem nýjar réttindatöflur tóku gildi 1.1.2015 í samræmi við grein 6.2 í samþykktum sjóðsins. Réttindaávinningur fyrir greitt iðgjald í framtíðinni hækkaði við breytingarnar en hafði áhrif til lækkunar á heildartryggingafræðilegri stöðu. Ástæða er til að benda á að gott jafnvægi hefur náðst á milli áunninnar stöðu og framtíðarstöðu sjóðsins.

Tryggingastærðfræðingar hafa lýst yfir áhuga sínum á því að breyta viðmiðum hvað varðar lífslíkur og taka frekar mið af framtíðarspám en staðreyndum fortíðar, en sú aðgerð ein og sér myndi líklega hafa veruleg áhrif til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu allra lífeyrissjóða. Horft hefur verið til þess af nefndum á vegum ríkisins að fresta almennum lífeyristökualdri til sjötugs í nokkrum skrefum. Það myndi hvort tveggja í senn endurspegla þær breytingar sem átt hafa sér stað á lífslíkunum og draga úr áhrifum þeirra á útreikninga tryggingafræðilegrar stöðu lífeyrissjóða.

# Verðbréfaeign og fjárfestingar

### Verðbréfaeign í árslok

Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 49.880 m.kr. í lok ársins. Samsetning verðbréfasafnsins var innan vikmarka fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Bankainnstæður voru 3,7% af verðbréfaeign sjóðsins í lok ársins, sjóðfélagalán voru 13,2%, önnur innlend skuldabréf voru 48,7%, innlend hlutabréf voru 16%, erlend skuldabréf voru 4,6%, erlend hlutabréf voru 7,2% og sérsniðnar fjárfestingar voru 6,6%.

Vægi ríkisskuldabréfa jókst lítillega á milli ára og nam 31,9% í samanburði við 31,8% í lok árs 2013. Vægi annarra innlendra skuldabréfa en ríkis jókst um 1,9% í 16%. Þá jókst vægi innlána lítillega. Vægi innlendra og erlendra hlutabréfa hækkaði en vægi erlendra skuldabréfa lækkaði. Þá lækkaði vægi sérsniðinna fjárfestinga.

## Innlend skuldabréf
Samtryggingardeild




## Skipting eigna í erlendum gjaldmiðlum
Samtryggingardeild




## Fjárfestingar
Samtryggingardeild

| Fjárfestingar | Kaup | Sala/afborgun | Alls |
|---|---|---|---|
| Bankainnstæður | 333 | - | 333 |
| Sjóðfélagalán | 615 | -812 | -197 |
| Ríkisskuldabréf | 3.431 | -1.670 | 1.761 |
| Önnur innl. skubr. | 2.103 | -427 | 1.676 |
| Innl. hlutabréf | 2.072 | -1.024 | 1.048 |
| Erl. Skuldabréf | 2.156 | -2.942 | -786 |
| Erl. Hlutabréf | 1.332 | -906 | 426 |
| Sértækar fjárfestingar | 728 | -1.728 | -1.000 |
| **Samtals** | 12.770 | -9.509 | 3.261 |

## Verðbréfaeign í árslok
Samtryggingardeild



# Séreignardeild

Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Erfitt er að finna sparnaðarform sem stenst samanburð við viðbótarlífeyrissparnað.

Í maí 2014 voru samþykkt lög á Alþingi sem heimila skattfrjálsa ráðstöfun iðgjalda séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán eða til húsnæðiskaupa. Heimildin er tímabundin og gildir til þriggja ára þegar um er að ræða greiðslu inn á lán, en í fimm ár þegar um er að ræða sparnað til húsnæðiskaupa.

Lífeyrisgreiðslur vegna tímabundinnar lagaheimildar til úttektar á séreignarsparnaði námu 81 m.kr. á árinu 2014 samanborið við 76 m.kr. á árinu 2013. Hluti af 12% skylduiðgjaldi sjóðfélaga, 2%, greiðist til séreignardeildar sem séreign þegar valin er Blönduð leið hjá sjóðnum. Séreignarsparnaður veitir sjóðfélögum aukið svigrúm til úttektar á lífeyri og sveigjanleika við starfslok. Þannig er heimilt samkvæmt lögum að hefja úttekt á séreignarsparnaði frá 60 ára aldri með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum á ákveðnu tímabili. Séreign erfist við fráfall sjóðfélaga.

Við mótun nýrrar fjárfestingastefnu séreignarleiðanna fyrir árið 2015 var ákveðið að gera breytingu á fjárfestingarstefnu Lífsverks 2. Breytingin var gerð með það í huga að aðgreina betur á milli ávöxtunarleiða Lífsverks 2 og 3. Samkvæmt framfalli fjármálafræðinnar, þar sem skoðuð eru áhrif samvals verðbréfa á ávöxtun og áhættu, þá ætti ný fjárfestingarstefna að auka vænta ávöxtun leiðarinnar aðeins en minnka áhættu lítillega. Héðan í frá verður heimild til fjárfestinga í innlendum og erlendum hlutabréfum allt að 10% af safninu. Af því yrði að hámarki 5% í óskráðum og erlendum hlutabréfum. Á meðan gjaldeyrishöft eru við lýði verður ekki hægt að fjárfesta í erlendum hlutabréfum.

Sjóðfélagar geta fært séreign á milli ávöxtunarleiða sjóðsins endurgjaldslaust eða ákveðið að breyta um ávöxtunarleið sem greitt er til með því að fylla út beiðni þar um. Við hvetjum sjóðfélaga til þess að skoða áhættuþol sitt sem getur breyst með hækkandi aldri og þegar nær dregur lífeyristökualdri. Sjóðfélögum er velkomið að hafa samband við starfsmenn sjóðsins til að fara yfir áhættustig og eignasamsetningu séreignarleiðanna.






Jákvæð nafn- og raunávöxtun var á öllum leiðunum á árinu 2014. Framlag erlendra hlutabréfa í ávöxtun séreignarleiða var hæst í Lífsverki 1 en framlag óverðtryggðra ríkisskuldabréfa var hæst í Lífsverki 2 og 3. Séreignarleiðirnar eru gerðar upp á markaðsverði og er reiknað gengi daglega. Fjárfestingarstefna séreignarleiðanna kveður á um markmið eignasamsetningar verðbréfa eftir helstu eignaflokkum í lok næsta árs með ákveðnum vikmörkum.




## Lífsverk 1

Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 4,5% á árinu 2014 og raunávöxtun var 3,4%. Iðgjöld námu 103 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 12 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 862 m.kr. Alls greiddu 318 sjóðfélagar iðgjald í leiðina á árinu 2014 og 12 fengu greiddan lífeyri.

## Lífsverk 2

Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 2,8% á árinu 2014, og raunávöxtun 1,7%. Iðgjöld námu 688 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 111 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 6.800 m.kr. í árslok. Alls greiddu 2.903 sjóðfélagar iðgjald í leiðina á árinu 2014 og 98 fengu greiddan lífeyri.

## Lífsverk 3

Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 4,6% á árinu 2014 og raunávöxtun 3,5%. Iðgjöld námu 48 m.kr. og lífeyrisgreiðslur voru 7 m.kr. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 114 m.kr. Alls greiddu 49 sjóðfélagar iðgjald í leiðina á árinu 2014 og 3 fengu greiddan lífeyri.






# Sjóðfélagalán

Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld í sjóðinn í samtals 4 mánuði og þurfa að vera virkir greiðendur með iðgjöld í skilum. Hámarksfjárhæð Grunnláns er 45 m.kr. en Viðbótarláns 20 m.kr. Um verðtryggð lán er að ræða. Veðhlutfall í íbúðarhúsnæði er 75% af markaðsvirði fasteignar. Lánstími er frá 5-40 ára. Ekkert uppgreiðslugjald er á lánunum og lántakendur geta greitt inn á höfuðstól lána að vild.

Ný lán til sjóðfélaga námu 614 m.kr. á árinu 2014 og meira en tvöfaldast á milli ára. Í árslok 2014 var heildarfjárhæð sjóðfélagalána 6.541 m.kr. og hækkar um tæplega 2% frá fyrra ári. Fjöldi lána í árslok var 1.759 og fjölgar lítillega frá fyrra ári.

Hlutfall sjóðfélagalána af hreinni eign samtryggingardeildar var 13,3% í árslok og lækkar á milli ára. Heildarvanskil í hlutfalli af sjóðfélagalánum eru lág og hækka óverulega. Stærstur hluti vanskila er tilkominn vegna greiðsluskjóls sjóðfélaga.

Sjóðurinn útvistar stærstum hluta lánaumsýslunnar til Íslandsbanka, Suðurlandsbraut 12 og sér bankinn um móttöku umsókna, greiðslumat og frágang við útgáfu skuldabréfanna.






# Stjórn

Rafrænt stjórnarkjör hjá sjóðnum fer fram í mars 2015 og verður í fyrsta sinn hægt að nota rafræn skilríki í síma til þess að skrá sig inn á sjóðfélagavef og nýta atkvæðisréttinn. Þetta ætti að auðvelda sjóðfélögum að taka þátt. Ekki er vitað til þess að aðrir lífeyrissjóðir viðhafi slíkt stjórnarkjör.

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í rafrænu kjöri og tveir varamenn á aðalfundi en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í rafrænu kjöri og einn til vara á aðalfundi.

Á árinu 2015 ber að kjósa tvo aðalmenn í stjórn, eina konu og einn karl, og þrjá varastjórnarmenn.

**Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):**
Þráinn Valur Hreggviðsson, formaður (2015)
Helena Sigurðardóttir, varaformaður (2015)
Ásbjörg Kristinsdóttir, (2016)
Brynja Baldursdóttir, (2017)
Sigþór Sigurðsson, (2017)

**Varastjórnarmenn:**
Guðrún Rögnvaldardóttir, (2015)
Jón Lárus Stefánsson, (2015)
Margrét Arnardóttir, (2017)
Stefán Kári Sveinbjörnsson, (2017)

Stjórnin kom saman 15 sinnum frá síðasta aðalfundi.



*Þráinn Valur Hreggviðsson*



*Helena Sigurðardóttir*



*Ásbjörg Kristinsdóttir*



*Brynja Baldursdóttir*



*Sigþór Sigurðsson*

# Starfsmenn



*Arnar Ingi Einarsson*



*Auður Finnbogadóttir*



*Elísabet Katrín Jósefsdóttir*



*Lýður H. Gunnarsson*



*Óla Helga Sigfinnsdóttir*



*Rut Hreinsdóttir*



*Þórhallur S. Barðason*

**Starfsmenn**
Alls störfuðu sjö starfsmenn hjá sjóðnum í fullu starfi á árinu 2014.

**Starfsmenn sjóðsins í árslok:**
Arnar Ingi Einarsson, eignastýring
Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri
Elísabet Katrín Jósefsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning
Lýður H. Gunnarsson, forstöðumaður eignastýringar
Óla Helga Sigfinnsdóttir, bókhald og lífeyrismál
Rut Hreinsdóttir, fjármálastjóri
Þórhallur S. Barðason, verðbréfabókhald



LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Ársreikningur 2014

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Um sjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður er blandaður lífeyrissjóður verkfræðinga og háskólamenntaðra sérfræðinga sem starfrækir samtryggingardeild og þrjár leiðir í séreignardeild. Af 12% skylduframlagi í lífeyrissjóðinn fara 10% til samtryggingardeildar en 2% til séreignardeildar nema sérstaklega sé óskað eftir að allt skylduframlagið skuli fara í samtryggingardeildina. Í árslok 2014 námu heildareignir sjóðsins 57,7 milljörðum króna og hafði sjóðurinn þá vaxið um 12,2% á árinu.

## Afkoma

Ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var góð þegar tekið er mið af áhættustigi sjóðsins og fjárfestingarmöguleikum á markaði. Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 7,4% á árinu 2014 og raunávöxtun 6,3%. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var 49.880 m.kr. og hækkaði um 12% á milli ára. Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,03% á árinu.

Nafnávöxtun mismunandi leiða í séreignardeild sjóðsins var frá 2,8 - 4,6%. Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 4,5% og raunávöxtun var 3,4%. Hrein eign í árslok var 862 m.kr. og jókst um 17,4% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 2,8% og raunávöxtun 1,7%. Hrein eign í árslok nam 6.800 m.kr og hækkaði um 12,5% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 4,6% og raunávöxtun 3,5%. Hrein eign í árslok var 114 m.kr. og hafði hækkað um 65% frá árslokum 2013.

## Iðgjöld og lífeyrir

Samanlögð iðgjöld ársins 2014 námu 3.513 m.kr. og námu samanlagðar lífeyrisgreiðslur 714 m.kr. Hlutfall lífeyris af samanlögðum iðgjöldum var 20,3%.

Iðgjöld í samtryggingardeild voru 2.674 m.kr. og hækkuðu um 4,3% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.568. Í fyrsta sinn í nokkur ár varð aukning í meðalfjölda virkra sjóðfélaga í samtryggingardeild. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 325, lífeyrisgreiðslur voru 584 m.kr. og lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 21,8%.

Iðgjöld í séreignardeild námu 839 m.kr. og hækkuðu um 11,3%. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.270. Töluverð aukning varð á árinu í fjölda virkra sjóðfélaga. Fjöldi lífeyrisþega var 113 og lífeyrisgreiðslur voru 130 m.kr. eða sem nemur 15,5% af iðgjöldum.

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða í árslok 2014 var 0,2%. Staða áfallinna skuldbindinga nam -0,3% en staða framtíðarskuldbindinga var 0,8%.

Heildartryggingafræðileg staða sjóðins var jákvæð annað árið í röð. Góð raunávöxtun bætti áfallna stöðu sjóðsins verulega. Nýjar réttindatöflur tóku gildi 1.1.2015 í samræmi við grein 6.2 í samþykktum sjóðsins. Réttindaávinningur fyrir greitt iðgjald í framtíðinni hækkaði við breytingarnar og hafði áhrif til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu. Ástæða er til að benda á að gott jafnvægi hefur náðst á milli áunninnar stöðu og framtíðarstöðu sjóðsins.

## Rekstur

Heildarfjárhæð launa og launatengdra gjalda var um 91 m.kr. Starfsmenn í árslok voru 7. Fjölgað var um einn starfsmann í eignastýringu á árinu og var dregið úr útvistun eignastýringar í tengslum við þær breytingar.

Farið var í átak í kynningarmálum sjóðsins á árinu svo sem með gerð kynningarbæklings auk þess sem séreignarleiðir sjóðsins voru kynntar sérstaklega og sjóðfélagar hvattir til þess að nýta sér skattaafslátt sem býðst ef gerður er samningur um nýtingu viðbótarsparnaðar til greiðslu inn á íbúðalán. Sjóðfélagar tóku vel við sér og veruleg aukning varð á milli ára í nýjum samningum um viðbótarsparnað í séreignardeild.

Stjórn sjóðsins ákvað að sækja tryggingafélag sitt til greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu sem sjóðurinn hafði keypt vegna starfa stjórnar og stjórnenda sjóðsins á árinu 2008. Er nú rekið dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabótanna. Vegna málsins féll til einskiptiskostnaður á árinu sem setur mark sitt á almennan rekstrarkostnað sjóðsins. Heildarfjárhæð skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar og fjárfestingargjalda lækkaði þrátt fyrir þennan kostnað á milli ára.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

**Sjóðfélagalán**

Heildarfjárhæð nýrra sjóðfélagalána á árinu var ríflega 600 m.kr. og hækkaði verulega frá árinu áður. Lán til sjóðfélaga hafa í gegnum tíðina sýnt sig vera fjárfestingarkostur með mjög lítil afföll fyrir sjóðinn.

**Starfsumhverfi**

Fjárfestingar á árinu 2015 munu draga dám af því fjárfestingarumhverfi sem búið er við og þeirri fjárfestingarstefnu sem mótuð var í nóvember 2014. Stöðugleika virðist ekki vera náð í efnahagslífi heimsins og stjórnmálaórói í heiminum er áfram líklegur til að hafa neikvæð áhrif á fjármálamarkaði. Niðurstaða viðræðna um kjarasamninga er enn fremur líkleg til að setja mark sitt á eignasafn sjóðsins og afkomu á árinu.

Verðtryggðir vextir langra innlendra ríkisskuldabréfa lækkuðu á árinu en framboð er lítið af öðrum skuldabréfum á innlendum markaði. Aukning hefur hins vegar áfram orðið á framboði innlendra hlutabréfa.

Vegna gjaldeyrishafta munu fjárfestingar erlendis takmarkast við endurfjárfestingar en vextir erlendis eru ennþá sögulega lágir. Þó margir telji að þeir fari að þokast uppá við á næstu misserum þá hafa þær væntingar ekki gengið eftir enn sem komið er. Ráðamenn á Íslandi hafa gefið til kynna að afnám gjaldeyrishafta geti hafist fljótlega og er vonast til þess að þá skapist möguleikar til fjárfestinga erlendis.

Von er á breytingum frá FME á reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða sem munu setja mark sitt á næstu ársreikninga sjóðsins. Einnig hafa tryggingastærðfræðingar lýst yfir áhuga sínum á því að breyta viðmiðum hvað varðar lífslíkur og taka frekar mið af framtíðarspám en staðreyndum fortíðar, en sú aðgerð ein og sér myndi líklega hafa veruleg áhrif til lækkunar á tryggingafræðilegri stöðu allra lífeyrissjóða. Horft hefur verið til þess af nefndum á vegum ríkisins að fresta almennum lífeyristökualdri til sjötugs í nokkrum skrefum. Það myndi hvort tveggja í senn endurspegla þær breytingar sem átt hafa sér stað á lífslíkunum og draga úr áhrifum þeirra á útreikninga tryggingafræðilegrar stöðu lífeyrissjóða.

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. mars 2015.

Stjórn:
Þráinn Valur Hreggviðsson
Stjórnarformaður

Ásbjörg Kristinsdóttir
Helena Sigurðardóttir

Brynja Baldursdóttir
Sigþór Sigurðsson

Framkvæmdastjóri:
Auður Finnbogadóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífsverki lífeyrissjóði.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífsverks lífeyrissjóðs fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

